



## Skólanámskrá Lágafellsskóla 2011-2012

### 3. bekkur


#### Efnisyfirlit

Íslenska .....	2
Stærðfræði.....	4
Samfélagsfræði .....	6
Náttúrufræði.....	8
Kristin fræði og siðfræði.....	9
Lífsleikni .....	10
Dans .....	11
Flauta.....	12
Heimilisfræði .....	13
Hönnun og smíði.....	14
Myndmennt .....	15
Textíl.....	16
Upplýsingamennt .....	17
Skólaíþróttir .....	18
Skólasund.....	19

## Íslenska

### Kennslutími

Sex kennslustundir á viku.



### Markmið

Nemandi

- þjálfist í töluðu máli, hlustun, lestri og ritun
- geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á glöggu og auðugu máli, töluðu og rituðu
- fái tækifæri til að láta sköpunargáfu og frásagnargleði njóta sín

### Bókmenntir

Nemandi

- læri nokkrar vísur og ljóð
- fái tækifæri til að lesa eða kynnast þjóðsögum, ævintýrum, dæmisögum og skopsögum
- fái tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga og geti unnið úr efninu
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og söguþráður, sögulok, aðal- og aukapersóna

### Hlustun og áhorf

Nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og sem flutt er af hljóð- eða myndböndum
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna og haldi athygli í töluverðan tíma
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim

### Lestur

Nemandi

- vinni fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- hafi greiðan aðgang að fræðibókum, handbókum og skáldverkum fyrir börn, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- fái tækifæri til verkefnavinnu á skólasafni
- fái tækifæri til að lesa ýmsar tegundir texta við hæfi
- þjálfist í að velja sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju, upphátt eða í hljóði
- auki lestrarhraða sinn og efli lesskilning með fjölbreyttum verkefnum s.s. PALS lestraraðferðinni
- fái tækifæri til að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- þjálfist í upplestri, bæði undirbúinn og óundirbúinn
- sé hvattur til að lesa sem mest

### Málfræði

Nemandi

- þekki hugtökin bókstafur, orð og setning
- þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- geri sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- átti sig á því hvernig orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum

- kynnist fallbeygingu nafnorða
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum.

### Ritun

#### Nemandi

- læri að draga rétt til stafs
- temji sér að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum
- æfist í að semja og skrifa sjálfur sögur og ljóð
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í nánasta umhverfi
- skrái frásagnir um atburði úr eigin lífi
- þjálfist í að skrifa einfaldan texta eftir upplestri
- læri að fara eftir nokkrum stafsetningarreglum, t.d. bil á milli orða og reglur um lítinn og stóran staf
- leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang
- auki skriftarhraða sinn með ýmsum verkefnum

### Talað mál og framsögn

#### Nemandi

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- segi frá eigin reynslu
- ræði við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og/eða foreldrum
- endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt
- átti sig á þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- sé hvattur til að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldasöng

### Námsgögn

Lestarbækur, skáldsögur, fræðibækur og lestrarvinnubækur. Skrift 2, 3,4 og foræfingar. Ýmsar vinnubækur s.s. Tvistur, Ritúrú 2, fjölritað efni og ýmis ritunarverkefni. Ljóðsprotar og Upp með hendur.

### Kennsluhættir

Fjölbreyttar kennsluáferðir s.s. hópavinna, einstaklingsvinna og umræður. Í lotutímum verður mikið unnið á stöðvum í paravinnu. Nemendur lesa daglega í skóla og heima, ýmist fyrir kennara, foreldra eða aðra þar sem lögð er áhersla á framsögn. Fjölbreytt ritunarverkefni eru unnin. Sögur og ljóð eru lesin, túlkuð og myndskreytt. Valin ljóð og söngvar lærðir utanbókar.

### Námsmat

Námsmat er byggt á framvindu náms. Vinnusemi og verkefni nemenda eru metin og lagðar fyrir kannanir. Hraðapróf í lestri eru lögð fyrir í lok anna.


### Heimanám

Lestur daglega. Önnur íslenskuverkefni af og til.

## Stærðfræði

### Kennslutími

Fimm kennslustundir á viku.



### Markmið

#### Hlutföll og prósentur

Að nemendur

- stækki eða smækki flatarmyndir, t.d. á pinnabretti
- skipti ákveðinni lengd í 2 eða fleiri hluta og ræði um hluta af heild og jafnan hlut

#### Lausnir verkefna og þrauta

Að nemendur

- kynnist aðferðum til að takast á við flókin verkefni, s.s. setja á svið, reyna við einfaldara verkefni, leita að mynstri
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum til að leysa vandamál
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir
- leysi þrautir sem tengjast daglegu lífi

#### Mynstur og algebra

Að nemendur

- skoði mynstur í myndum og vinni með þau, t.d. stækki upp hluta mynsturs eða bæti við mynstur
- búi til talnamynstur á vasareikni, t.d. með endurtekinni samlagningu
- leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu

#### Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Að nemendur

- námundi tölur að næsta heila tug eða hundraði
- noti þekkingu á tugakerfinu við lausn dæma og við hugarreikning
- reikni dæmi með háum tölum, t.d. niðurstöður rannsókna og kannana og velji sér heppilegt hjálpartæki til útreikninga
- noti talnalínu og/eða vasareikni til að finna t.d. summu dæma
- skoði mynstur í margföldunartöflum og beri saman mynstur sem myndast í mismunandi töflum
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá eða margfalda til að finna lausn
- kynnist mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga tveggja og þriggja stafa tölum
- þjálfist í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu laust

### Rúmfræði

Að nemendur

- teikni flatarmyndir s.s. þríhyrninga og réttthyninga og noti hugtökin punktur, hlið, horn o.s.frv.
- mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki, t.d. rúðunet, reglustiku eða einingarkubba
- hliðri flatarmyndum, t.d. á pinnabretti eða rúðuneti
- geti teiknað hluti in í hnitakerfið t.d. í sjórorustuleik

## Röksamhengi og röksemdarfærslun

### Að nemendur

- fari í leiki og spil sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- meti hvort fullyrðingar sem settar eru fram séu sannar

## Stærðfræði og tungumál

### Að nemendur

- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg efni og þjálfist í að spyrja spurninga til að öðlast betri skilning á þeim
- skrái upplýsingar þar sem háar tölur koma fyrir
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum, t.d. leikföngum, hlutum úr umhverfinu eða rökkubbum

## Tengsl við daglegt líf og önnur svið

### Að nemendur

- vinni með tímareikninga, tímaáætlanir og lesi úr einföldum töflum, t.d. áætlanatöflum almenningsfarartækja til að finna út hvenær farartækið er á ákveðnum stöðum og hve langan tíma tekur að fara milli staða
- þjálfist í að lesa á bæði klukku með skífu og tölvuklukku
- vinni með staðaleiningarnar m og cm, l og dl og g og kg
- áætli hvað vörur kosta, reikni út, borgi og meti hvort rétt er gefið til baka

## Tölur

### Að nemendur

- fáist við skiptingu þar sem afgangur verður
- noti áþreifanlega hluti til að sýna háar tölur
- vinni með sætisgildiskubba til að efla skilning á tugakerfinu

## Námsgögn

Sproti 2b, nemendabók og æfingarhefti, Sproti 3a, nemendabók og æfingahefti, Viltu reyna?, Í undirdjúpunum - samlagning, Í undirdjúpunum - frádráttur, Í undirdjúpunum - margföldun, Við stefnum á margföldun, Vasareiknir 1, 2 og 3 og fjölritað efni. Önnur stærðfræðinámsgögn s.s. talnagrindur, kubbar, vasareiknir o.fl.

## Kennsluhættir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. hópavinna, einstaklingsvinna, umræður og leikir.

## Námsmat

Námsmat byggir á framvindu náms. Verkefni nemenda eru metin og lagðar fyrir kannanir.

## Heimanám

Heimaverkefni reglulega.

## Samfélagsfræði



### Kennslutími

Tvær kennslustundir á viku.

### Markmið

Innlifun og víðsýni

Að nemandi

- fái innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir og vettvangsferð

Land og þjóð

Að nemandi

- fái innsýn í fjölskyldulíf fyrr á öldum
- þekki til sögu skólahússins og nokkurra örnefna og/eða sögustaða í heimabyggð
- skilji hlutverk þjóðsöngsins og þjóðhátíðardagsins í stórum dráttum
- þekki mikilvægar stjórnsýslustofnanir eins og Alþingi, forsetaembættið, stjórnarráð og hæstarétt
- fræðist um hlutverk og gildi Þingvalla í sögu og samtíð
- verði kunnugur nokkrum persónum Íslandssögunnar t.d. Ingólfi Arnarssyni

Rýni

Að nemandi

- öðlist skilning á gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunnis í sögu, læri á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og ráði við að finna bók á bókasafni

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Að nemandi

- beri saman fjölskyldulíf hér á landi nú við það sem gerist annars staðar og á öðru tímasteiði sögunnar
- kynnist atvinnuvegum sem standa á gömlum grunni og kanni hvernig fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist á þessari öld
- fái dæmi af mismunandi siðum og venjum í heiminum og öðlist virðingu fyrir menningu annarra þjóða

Skóli og heimabyggð

Að nemandi

- þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistarskóla
- þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar, t.d. manngerðra breytinga á umhverfinu

Tími

Að nemandi

- kynnist tímaröð atburða og geti raðað þeim á tímaás s.s. jörðin, risaeðlurnar, fyrstu landnemar, amma, ég...

Túlkun og tjáning

Að nemandi

- komi sögukunnáttu sinni á framfæri munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og/eða leikrænni tjáningu við bekkjarfélaga, foreldra eða aðra

### **Námsgögn**

Komdu og skoðu land og þjóð, Í sveitinni með Æsu og Gauta, Góða ferð, ýmsar bækur af skólasafni og af vef og fjölritað efni Þar sem náttúrufræði og samfélagsfræði tvinnast gjarnan saman að þá eru námsbækur sem skráðar eru undir samfélagsfræði gjarnan notaðar í náttúrufræðikennslu og öfugt.

### **Kennsluhættir**

Kennsluhættir eru fjölbreyttir s.s. heimildavinna og skapandi starf, einstaklingsvinna, hópavinna og vettvangsferðir. Áhersla lögð á samþættingu við aðrar námsgreinar.

### **Námsmat**

Vinnubók, ástundun og vinnubrögð nemenda eru metin.

## Náttúrufræði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir á viku.



### Markmið

Lífvísindi

Nemandi

- átti sig á því hvað það er sem einkennir lifandi verur og greinir þær frá lífvana hlutum
- þekki og geti nafngreint íslensk spendýr
- þekki og geti nafngreint íslenska fugla
- þekki og geti nafngreint algeng íslensk smádýr
- þekki hvernig dýr annast afkvæmi sín samanborið við manninn

Jarðvísindi

Nemandi

- þekki mótunaráhrif hafsins á fjöruna og ána
- skilji algengustu veðurtákn sem notuð eru í veðurlýsingum
- þekki þekktar eldstöðvar á Íslandi
- kynnist því hvað gerist í jörðinni við eldgos
- þekki að jörðin er byggð upp af kjarna, möttli, jarðskorpu, hafi og lofthjúp

Úr eðlisvísindum

Nemandi

- geri athuganir á ýmsum efnum og hlutum í vatni
- geri athuganir sem sýna hvernig mismunandi kraftur getur breytt lögun efna
- tengi saman einfaldar straumrásir

### Námsgögn

Komdu og skoðuðu hringrásir, Komdu og skoðuðu hvað dýrin gera, Í sveitinni með Æsu og Gauta, Góða ferð, ýmsar bækur af skólasafni og af vef og fjölritað efni. Þar sem náttúrufræði og samfélagsfræði tvinnast gjarnan saman að þá eru námsbækur sem skráðar eru undir samfélagsfræði gjarnan notaðar í náttúrufræðikennslu og öfugt.

### Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir s.s. heimildavinna og skapandi starf, einstaklingsvinna, hópavinna og vettvangsferðir. Mikil áhersla lögð á samþættingu við aðrar námsgreinar.

### Námsmat

Vinnubók, ástundun og vinnubrögð nemenda eru metin.

## Kristin fræði og siðfræði

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Nemandi

- fræðist um kristna trú og kynnist völdum frásögum úr Biblíunni
- þekki helstu hátíðir kristinnar og siði og tákni sem tengjast þeim
- kynnist kristinni siðfræði sem stuðlar að sáttfýsi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

### Námsgögn

Stjarnan og verkefnabók.

### Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir m.a. hópavinna og umræður.

### Námsmat

Vinnubók, ástundun og vinnubrögð nemenda eru metin.

## Lífsleikni

Unnið verður út frá hugmyndafræði Diane Gossen um Uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu Sunnuhvols: <http://sunnuhvoll.com/>



### Kennslutími

Verkefni og umræður verða unnin af miklum krafti í byrjun skólaárs og síðan reglulega það sem eftir er skólárs.

### Markmið

Nemandi

- þjálfist í að stjórna eigin hegðun
- taki ábyrgð á eigin hegðun
- þekki tilfinningar sínar og geti tjáð sig um þær
- læri að skilja eigin tilfinningar og líðan
- beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- auki færni sína í samvinnu og samkennd

### Námsgögn

Ýmis verkefni tengd Uppbyggingarstefnunni.

### Kennsluhættir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, áhersla er lögð á hópa- og einstaklingsvinnu og umræður.

## Dans

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku allan veturinn.



### Meginmarkmið

að nemandi

- öðlist félagslegt öryggi, efla líkamsvitund sína og sjálfstraust til að hreyfa sig við tónlist
- geti unnið í hóp og tekið tillit til annarra
- tileinki sér ákveðna dansþekkingu og öðlist ákveðna grunnfærni í dansi

### Markmið

Að nemandi

- kynnist rétttri líkamsstöðu og verði meðvitaður um þyngdarpunkt líkamans
- framkvæmi mismunandi grunnhreyfingar og fái tilfinningu fyrir grunnhoppum og sporum
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tál, fram og aftur
- öðlist samhæfingu handa og fóta
- skynji mismunandi tónfall og framkvæmi við það mismunandi hreyfingar
- geti framkvæmt dansspor s.s. skottísspor og skiptispor
- kunni einföld grunnspor í ræl, skottís og klappdönsum
- taki þátt í gamla marsinum í gömlu dönsunum
- kynnist og taki þátt í dönsunum ólíkra dansgreina
- kynnist mismunandi dansstöðum/haldi
- fái innsýn í mism. dansa og geti myndað sér skoðun á viðfangsefninu
- taki þátt í hópeflis- og hreyfileikjum

### Námsþættir

Líkamsæfingar, rytmik- og sporapjálfun, hreyfing við tónlist, hreyfileikir, dansar ýmissa dansgreina og slökun.

### Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla, einstaklings- og hópvinna.

### Námsmat

Leiðsagnarmat framkvæmt í nóvember, febrúar og júní

## Flauta

### Kennslutími

Ein kennslustund, þrisvar í viku, í tólf vikur.



### Markmið

Nemandi

- upplifi hinar ýmsu tegundir tónlistar á jákvæðan hátt
- geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- geti leikið á blokkflautu í samspili með öðrum hljóðfærum

### Námsgögn

Flautan og litirnir, Flautað til leiks o.fl.

### Kennsluhættir

Unnið áfram með flautuna og aðrir þættir tengdir henni. Mikil áhersla lögð á söng.

### Námsmat

Símat, ástundun og færni á flautuna.

## Heimilisfræði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



### Markmið

Að nemandi

- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari
- þjálfist í verklegri vinnu
- læri að bera virðingu fyrir heimili og umhverfi
- æfist í meðferð algengustu áhalda
- eflist í samvinnu
- skilji mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf
- búi til einfalda rétti úr ávöxtum, grænmeti og mjólkur- og kornvörum
- læri borðsiði
- æfist í frágangi á eldhúsi
- verði meðvitaðri um mikilvægi umhverfisverndar
- læri um matarvenjur fyrr og nú
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að vera með hollt nesti
- læri um geymslu matvæla
- læri um mjólkurflokkinn
- læri að vinna í hóp, taki tillit til annarra og beri virðingu fyrir öðrum

### Námsgögn

Hollt og gott 2; námsefni í heimilisfræði fyrir 3. bekk og verkefni unnin af kennurum.  
Myndbönd í tengslum við viðfangsefni eins og Fjögur í rusli.

### Kennsluhættir

Kennsla er að mestu leyti verkleg en bókleg eftir því sem við á hverju sinni.  
Myndbandasýning.

### Námsmat

Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu þar sem framkoma og vinnusemi nemandans er metin.

## Hönnun og smíði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



### Markmið

Nemandi á að

- hafa hannað og smíðað hlut út frá forskrift sem byggist á ákveðinni virkni, lausn, útliti eða þema
- geta teiknað hlut með því að setja hann í samhengi við notkun og notagildi
- geta rætt eða lýst munnlega notagildi og virkni hlutar sem verið er að smíða eða hanna
- gera sér grein fyrir hugtökum sem tengjast orkunotkun eins og hreyfiorku
- geta beitt einföldum handverkfærum
- þekkja algeng smíðaefni
- sýna skilning á góðri samvinnu í smíðastofunni

### Námsgögn

Fjölrituð verkefni, fagrit, handverkfæri og smíðaviður.

### Kennsluhættir

Verkefni lögð fyrir allan hópinn og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Áhersla lögð á gott handbragð og góðan frágang.

### Námsmat

Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu þar sem eftirtalin atriði eru metin:

Hugmyndaauðgi, hönnun, umgengni, hegðun, verkfærni, vandvirkni, iðni og afköst.

## Myndmennt

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



### Markmið

Nemandi

- noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun
- vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs, s.s. þrykk og klippimyndir auk teiknunar og málunar
- blandi liti úr frumlitunum með áherslu á litatóna
- geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif, eru t.d. heitir og kaldir
- þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu með skoðun á þeim og úrvinnslu í myndgerð
- þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda
- geti gengið frá verkefnum, efnunum og áhöldum
- geti lýst munnlega áhrifum verks, t.d. hvort um er að ræða kvöld, nótt, dag o.s.frv. eða tilfinningalega þætti s.s. gleði og sorg.
- geti lýst munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum

### Námsgögn

Efni af vef, s.s. Listavefur krakka o.fl.

### Kennsluhættir

Innlögn, þar sem kennari útskýrir fyrir hópnum verkefni dagsins, einstaklingskennsla, hópvinna og umræður.

### Námsmat

Umsögn gefin einu sinni á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun. Auk þess er gefið leiðsagnarmat um metnað, sjálfstæði, samstarfshæfni, frágang/vinnubrögð og virkni og vinnusemi.

## Textíl

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, þrisvar í viku, í sex vikur.



### Markmið

Að nemandi

- þekki frumlitina
- teikni eftir fyrirmælum og búi til einfalt snið
- fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu
- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- kynnist og þjálfist í að nota útsaum
- fari yfir helstu hluta saumavélar
- vinni eftir leiðbeiningum frá kennara
- tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar
- fái innsýn í nýtingu íslenskrar ullar áður fyrr
- tjái sig um litaval á eigin verkum og annarra
- læri að vinna í hóp, taki tilliti til annarra og beri virðingu fyrir öðrum

### Námsgögn

Hannyrðir í 3. – 6. bekk, valin verkefni úr bókinni „Hvernig á að sauma á saumavél“, fjölrítað efni frá kennara og myndband um íslensku ullina. Ýmsar handverksbækur og fagtímarit eru tiltækar.

### Kennsluhættir

Verkefnin eru lögð fyrir allan hópinn, vinnuferlið útskýrt og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Hópavinna og umræður.

Áhersla er lögð á góða umgengni, framkomu og samvinnu í kennslustofunni auk þess sem brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang.

### Námsmat

Umsögn er gefin einu sinni á skólaárinu þar sem eftirtalin atriði verða lögð til grundvallar: Vinnusemi, áhugi/sjálfstæði og hegðun.

## Upplýsingamennt

### Kennslutími

Ein kennslustund, þrisvar í viku, í tólf vikur.



### Markmið

#### Tæknilæsi

Nemandi

- læri grunnatriði í meðferð og notkun tölvu
- kunnir að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- hafi vald á að prenta skjöl úr ýmsum forritum
- geti notað ýmis kennsluforrit er hæfa aldri og getu
- geti ritað einfaldan texta í Word ritvinnsluforritinu
- geti skeytt myndum inn í texta
- geri greinarmun á kennsluforritum og leikjum
- geti sótt efni á vef skólans og Neti
- kunnir að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði sem notaðir eru í staðinn fyrir mús, s.s. færsluhnapp, örvalykla og lykla til að opna og loka forritum

### Námsgögn

Fingrafimi, Office forritin Word, og Paint. Kennsluforrit á Netinu frá Námsgagnastofnun t.d. Ritfinnur, Undirdjúpin, Að skrifa rétt, Margt skrytið hjá Gunnari, TX-10, Talnaveiðar, Klukkan, Slönguspil, Snót og Snáði, Þrír í röð, Lestur og stafsetning og Töfraflísar. Bækur og verkefni frá kennara. Forrit á Netinu.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á eins fjölbreyttar kennsluáðferðir og kostur er sem efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda.

### Námsmat

Nemendur fá umsögn þar sem metin er verkefnavinna, hegðun og vinnusemi.

## Skólaíþróttir

### Kennslutími

Tvær kennslustundir á viku.



### Markmið

Meginmarkmið með íþróttum og hreyfinámi í yngri bekkjum grunnskóla er fyrst og fremst að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt, auka félagslegan þroska og hreyfifærni nemenda og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Auk þessa er lögð áhersla á að auka færni, þrek og þol nemenda ýmist með æfingum eða leikjum. Einnig er kennt um gildi hollra lífshátta s.s. mataræðis, svefnnvenja, hreinlætis, hreyfingar o.fl. Enn fremur skal stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

### Námsgögn

Aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

### Kennsluaðferðir

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í u.þ.b. 50% smáleiki á mótí öðrum íþróttagreinum s.s. bolta-, leikfimi- og fimleikaæfingum. Aðallega er um verklega kennslu í sal að ræða eða úti þegar það á við. Kennari kemur með innlögnum í upphafi tíma, útskýrir verkefni, gengur síðan á milli og leiðbeinir og hvetur.

### Námsmat

Notuð eru stöðluð próf sem hæfa þessum aldurshópi. Gefið er fyrir með umsögnum. Í 3. bekk eru gerðar aðeins meiri kröfur til barnanna en í 2. bekk en prófað í sömu atriðum og niðurstöður úr prófunum hafðar til hliðsjónar við mat á færni nemenda.

- sippa (20 sinnum í röð)
- handstöðu við vegg (standa á höndum upp við vegg þannig að handstöðu sé náð)
- höfuðstöðu (staðið á höfði við vegg eða án stuðnings)
- kaðlaklifur (klifrað upp í ákveðna hæð)
- kasta og grípa (geta gripið og kastað bolta og sýnt rétta fótstöðu)
- knattrak (geta rakið körfubolta og sest á metisínbolta án þess að hætta knattraki)

Gefnar eru eftirfarandi umsagnir fyrir virkni, hegðun og færni í tímum:

Vinnur mjög vel	Vinnur vel	Vinnur sæmilega	Nýtir tímann ekki vel
Hegðun mjög góð	Hegðun góð	Hegðun sæmileg	Hegðun ábótavant
Færni mjög góð	Færni góð	Þarfnast almennar hreyfipjálfunar	

Brýnt er að foreldrar/forráðamenn barna sendi smá orðsendingu á miða til íþróttakennara ef lasleiki eða annað hrjáir barnið og það er óskað eftir að það sleppi þátttöku í íþróttatímanum. Ef veikindi eru langvinn og leita þarf til læknis vinsamlega biðjið þá um vottorð.

## Skólasund

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Að nemandinn nái að uppfylla þau getumarkmið sem 3. sundstigið segir til um en þau eru:

- 12 m bringusund
- 12 m skólabaksund, með eða án hjálpartækja
- 8 m skriðsundsfótatök, andlit í kafi og armar teygðir fram
- 6 m baksund, með eða án hjálpartækja
- köfun eftir hlut á 1 til 1,5 m dýpi án sundgleraugna

Nemandinn efli styrk og þol með æfingum þar sem vatnið veitir mótstöðu gegn hreyfingunum.

Efla nemandann sem félagsveru, kenna honum að taka tillit til félaga sinna, vera sveigjanlegur í samskiptum og virða einstaklinginn.

Stefna að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Að auka þekkingu og skilning nemenda á umhirðu líkamans fyrir og eftir sundiðkun.

Nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt.

### Námsgögn

Stuðst er við eftirfarandi bækur: Skólasund (Kennarahandbók), Námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1. – 10. bekk og Aðalnámskrá Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

### Kennsluaðferðir

Í 3. bekk er megin áhersla lögð á aðlögun barna að vatninu með sundæfingum ásamt leikrænum æfingum í bland. Til hliðsjónar er haft að börnin fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Ýmsar æfingar sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð.

### Námsmat

Kannað er hvort nemandinn nær þeim markmiðum sem 3. sundstig segir til um (sjá hér að ofan).

Gefið er fyrir með umsögninni: 3. sundstigi lokið / 3. sundstigi ólokið.